

Kópavogur, 21. janúar 2021.

Samræmd könnunarpróf í 9. bekk árið 2021

Ágæti nemandi í 9. bekk.

Dagana 8.-10. mars verða samræmd könnunarpróf lögð fyrir nemendur í 9. bekk. **Íslenskuprófið verður haldið mánudaginn 8. mars, stærðfræðiprófið þriðjudaginn 9. mars og enskuprófið miðvikudaginn 10. mars.** Skólastjórinn í þínum skóla ákveður klukkan hvað prófin byrja og lætur þig og foreldra/forsjáraðila þína vita.

Allir nemendur í 9. bekk taka könnunarprófið, hvar sem þeir búa á landinu. Prófið er tekið í tölvu. Á prófdag skráir þú þig inn í prófið með prófkóða sem kennarinn lætur þig fá. Allir sem taka könnunarprófin geta nýtt sér bæði hefðbundinn próftíma sem er 150 mínútur, og viðbótarpróftíma, sem er 30 mínútur, eða samtals 180 mínútur, sem ætti að vera nægur tími. Algengast er að nemendur noti um 60 – 90 mínútur til að ljúka prófi, en það mjög misjafnt á milli nemenda. Sumir eru fljótari en aðrir eru lengur. Það borgar sig ekki að flýta sér heldur lesa vel allar spurningar og svarmöguleika. Það mun örugglega ganga vel að taka könnunarprófin en ef þú vilt skoða og kynnst prófakerfinu getur þú tekið kynningarpróf á netinu. Þar getur þú séð dæmi um spurningar úr gömlum prófum og æft þig að svara. Við hvetjum þig til að prófa, enda er það bæði skemmtilegt og hjálplegt.

Verkefni (spurningar) könnunarprófsins byggjast á námsefni og námsmarkmiðum sem eru tilgreind í aðalnámskrá. Aðalnámskrá leggur áherslu á þekkingu, leikni og hæfni nemenda en ekki ákveðin afmörkuð efnisatriði. Þess vegna er ekki gefinn út sérstakur listi með atriðum sem eru til prófs, heldur eru lögð fram fjölbreytt verkefni sem reyna á ólíka kunnáttu og hæfni.

Efni prófsins í **íslensku** byggist m.a. á verkefnum sem reyna á grunnan og djúpan lesskilning. Grunnur lesskilningur felur í sér nákvæmnislestur en djúpur lesskilningur byggist á lestri milli lína, túlkun á texta og að draga ályktanir út frá texta. Auk þess reyna verkefni á skilning á stökum orðum og orðasamböndum og bókmenntahugtökum svo sem myndmáli, hugblæ og sjónarhorni. Enn fremur eru í prófinu verkefni sem reyna á hæfni í málnotkun, kunnáttu í málfræði og stafsetningu.

Efni prófsins í **stærðfræði** byggist á reikningi og aðgerðum, rúmfræði og mælingum, mynstri og algebru og hlutföllum og prósentum. Þú munt þurfa að leysa verkefni á þessum sviðum. Þú mátt nota reiknivél sem er innbyggð í prófakerfið og/eða nota þína eigin reiknivél.

Efni prófsins í **ensku** byggist m.a. á verkefnum sem reyna á grunnan og djúpan lesskilning. Grunnur lesskilningur felur í sér nákvæmnislestur en djúpur byggist á lestri milli lína og túlkun á texta. Auk þess reyna verkefni á skilning á stökum orðum og orðasamböndum. Ennfremur eru í prófinu verkefni sem reyna á hæfni í málnotkun, kunnáttu í málfræði og stafsetningu.

Gott er að svara öllum spurningunum og gefa sér tíma í hverja spurningu. Ekki hafa áhyggjur þó þú vitir ekki öll svörin og ekki flýta þér að svara, jafnvel þótt aðrir nemendur séu búnir að svara sínu prófi. Prófið er ekki keppni af neinu tagi og einstaklingsbundið hversu fljótir nemendur eru að ljúka.

Gangi þér vel og mundu að markmið prófanna er að sjá hvar þú stendur í ákveðnum námsþáttum í íslensku, stærðfræði og ensku. Prófin eru fyrst og fremst fyrir þig og það er ástæðulaust að hafa miklar áhyggjur af þeim. Reyndu bara þitt besta og þá verður þetta ekkert mál.

Ef þú hefur einhverjar spurningar talaðu endilega við kennarann þinn og foreldra/forsjáraðila.

Fyrir hönd Menntamálastofnunar,

Sverrir Óskarsson, sviðsstjóri matssviðs.